

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/2163****2024/EES/34/72****frá 17. október 2023**

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af reglugerð (ESB) 2015/340 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum b-lið 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í króatísku, dönsku, ungversku, ítölsku, litáísku, maltnesku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og sænsku tungumálaútgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 ⁽²⁾ er villa í b-lið ATCO.OR.C.020 í C-kafla III. viðauka. Sú villa hefur áhrif á efni þess ákvæðis.
- 2) Í eistnesku, frönsku, ungversku og slóvensku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) 2015/340 er þar að auki villa í b-lið ATCO.OR.C.020 í C-kafla III. viðauka. Sú villa hefur áhrif á efni þess ákvæðis.
- 3) Því ætti að leiðrétta króatísku, dönsku, eistnesku, frönsku, ungversku, ítölsku, litáísku, maltnesku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku og sænsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) 2015/340 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna).*

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2023/2163, 18.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2024 frá 15. mars 2024 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340 frá 20. febrúar 2015 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferð er varða skírteini flugumferðarstjóra og vottorð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 805/2011 (Stjtið. ESB L 63, 6.3.2015, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
